FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Fjármálalæsi
Námsgrein:	fjármálalæsi
Viðfangsefni:	einstaklinga, fjármál
Skammstöfun:	FJÁR1FE02
Þrep:	1
Einingafjöldi:	2
Lýsing:	Markmið áfangans er að opna augu nemenda fyrir gildi þess að hafa yfirsýn yfir eigin útgjöld og tekjur. Í áfanganum er stefnt að því að gera nemendur meðvitaða um fjármál, peninga og hlutverk þeirra í daglegu lífi. Farið verður í laun og frádrátt og hvert hann fer. Einnig verður farið í rekstur heimilis og bíls og fleira sem snertir fjárhagslegar skuldbindingar sem nemendur þurfa að takast á hendur. Heimilisbókhald með notkun töflureiknis og mikilvægi þess að halda utan um tekjur og gjöld verða einnig tekin fyrir. Réttindi og skyldur á vinnumarkaði verða til umfjöllunar.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • einföldum fjármálum daglegs lífs • lestri launaseðla og annarra fjármálatengdra skjala • tilgangi skatts og annars frádráttar • rekstri heimilis og bifreiðar • helstu þáttum sem snerta gildi, kröfur, réttindi og skyldur á vinnumarkaði • ákvarða hvaða útgjöld eru nauðsynleg og hvar má draga saman • lánum, sparnaði, greiðslukortum, vöxtum, gengi, veði, ábyrgð o.fl.
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • reikna gróflega útborgun launa eftir skatt • afla sér upplýsinga til nauðsynlegra útreikninga • halda einfalt heimilisbókhald • gera sér grein fyrir eigin fjárhag og útgjöldum • skipuleggja, taka réttar ákvarðanir og bera ábyrgð á eigin fjármálum og neyslumynstri • Byggja upp sparnað á einfaldan og hagkvæman hátt
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skilja tilgang skatta og gjalda og hvernig þeir nýtast okkur • halda heimilisbókhald og skilja samhengi tekna og útgjalda • skipuleggja fjármál sín með hagsýni

	• takast á hendur skuldbindingar og sýna ábyrgð í fjármálum • vita hvaða réttindi og skyldur hann hefur þegar komið er út á vinnumarkaðinn
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.